

Nr. 19-046 S 035 Særún***Strandar á Breiðafirði***

Skipaskr.nr.: 2427
 Smíðaður: Noregi 1978, ál
 Stærð: 193 brl. 194 bt.
 Mesta lengd: 28,15 m Skráð lengd: 25,92 m
 Breidd: 9 m Dýpt: 2,48 m
 Vél: MTU (2) 1.618 kW, 1987
 Fjöldi skipverja: 3
 Fjöldi farþega: 3



Særún © Hilmar Snorrason

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 4. apríl 2019 var Særún á siglingu á Breiðafirði. Veður: VSV 2 m/s. Stórstreymi og útfall.

Særún fór úr höfn í Stykkishólmi um kl. 11:00 og sigldi fyrst að Þórisshólma en síðan í átt að Skoreyjum. Kl. 11:35 strandaði skipið á skeri rétt NA við Skoreyjar á stað, 65°04'862N og 022°39'884V (*Sjá mynd 1*).




Mynd 1 Ferill Særúnar og strandstaður



Mynd 2 Særún á strandstað

Kl. 11:35 kallaði skipstjórinn út neyðarkall á VHF rás 16 og upplýsti einnig að leki væri kominn að skipinu og örlítill slagsíða væri komin á það. Um kl 12:30 kom Kristborg SH-108 á vettvang með þrjár dætur sem notaðar voru til að dæla úr skipinu.



Mynd 3 Strandstaður í sjökorti nr. 37

Vaktstöð siglinga (VSS) ræsti út þyrilu Landhelgisgæslunnar og björgunarsveitir frá Stykkishólmi og Rifi sem fóru á vettvang.

Farþegunum þremur var komið um borð í línubátinn Ronju SH 53 sem flutti þá til Stykkishólms en áhöfnin varð eftir um borð.



Mynd 4 Loftmynd af Skoreyjum og strandstaður

Um kl. 15:20 losnaði skipið af strandstað og var því siglt undir eigin vélarafli, í fylgd, til hafnar í Stykkishólmi þar sem það var tekið í slipp.



Mynd 5 Skemmdirnar á skipinu

Við skoðun kom í ljós að leikinn var inn í þurrrými nr. 2 stjórnborðsmegin þar sem u.þ.b. tveggja metra rifa hafði myndast auk annarra skemmda eins og sést á myndum af þeim (*Mynd nr. 5*).

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn, sem var einn í brúnni, taldi sig þekkja svæðið mjög vel og vissi af þessu grunni en það kemur ekki upp úr á stórstreymsfjöru. Vélstjóri og háseti voru nýfarnir úr brúnni til að gera plóg klárann. Hann taldi ástæður strandsins vera mannleg mistök;
- að skipstjórinn kvaðst hafa haft sólina í augun sem hefði blindað hann auk þess sem hann taldi sig hafa kveikt á sjálfstýringunni og væri að beygja til bakborða en í stað þess hefði skipið siglt beint áfram;
- að skipstjórinn kvaðst hafa verið að taka hring frá Birgiskletti í átt að Skoreyjum og til stóð að setja út skeljaplóg sem draga átti að klettinum aftur. Hann kvaðst hafa tekið of stóran hring og lent þess vegna á grunninu;
- að samkvæmt ferilskráningu VSS kom síðasta AIS merki frá skipinu kl. 11:33 en þá var skipið á stað, 65°05'005N - 022°40'198V og siglingahraði þess 7,2 hnútar. Skipstjórinn taldi sig hafa verið á 7-10 hnúta hraða;
- að eftirfarandi siglingartæki voru í gangi að sögn skipstjóra: MaxSea, GPS með Simrad rafeindarkorti og dýptarmælir með þriggja metra aðvörun í gangi;
- að fram kom hjá skipstjóranum að aðstæður hefðu verið góðar, logn og sléttur sjór. Hann sagði að engin hætta hafi verið á ferðum og hann ákveðið að bíða eftir flóði í stað þess að reyna að losa skipið;
- að samkvæmt mati Umhverfisstofnunar varð ekki teljandi olíumengun við atvikið en olía hafði lekið úr skipinu eftir að það losnaði.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins var aðgæsluleysi við stjórnun skipsins.